

O. 1  
24. SEP. 2019  
Rm



MÓTTEKID

Landspítali  
Páll Matthíasson, forstjóri  
Eiríksgötu 5  
101 Reykjavík

## HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8700 hrn@hrn.is  
stjornarradid.is

Reykjavík 23. september 2019  
Tilv.: HRN19090096/04.11.01

### Efni: Staðfesting á skipuriti Landspítala.

Heilbrigðisráðuneytið vísar til erindis Landspítala, dags. 12. september sl., þar sem lögð er fram tillaga að nýju skipuriti Landspítala sem gert er ráð fyrir að taki gildi 1. október nk. Landspítalinn leggur tillögurnar fram ráðherra til staðfestingar.

Í fyrrgreindu erindi kemur fram að tillögur að nýju skipuriti Landspítala hafi verið unnar af forstjóra spítalans í samráði við framkvæmdastjórn. Álits læknaráðs og hjúkrunarráðs hafi einnig verið leitað.

Meginbreyting frá gildandi skipuriti er að skipta starfsemi sjö klínískra sviða og rekstrarsviðs á milli þriggja sviða; meðferðarsviðs, aðgerðarsviðs og þjónustusviðs. Yfir hverju sviði verða framkvæmdastjórar sem munu sitja í framkvæmdastjórn spítalans, sbr. 1. mgr, 12. gr laga um heilbrigðispjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum.

Ráðuneytið hefur farið yfir tillögurnar og gerir ekki athugasemdir við þær.

Nýtt skipurit Landspítala er hér með staðfest, sbr. 11. gr. laga um heilbrigðispjónustu nr. 40/2007, með síðari breytingum.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

Ásta Valdimarsdóttir  
ráðuneytisstjóri

Guðlín Steinsdóttir  
staðgengill skrifstofustjóra